



Reykjavík, 28. apríl 2025

VEL25030048

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Samþykkt samkomulags við Sjúkratryggingar Íslands um framlengingu samnings um fjármögnun á rekstri neyslurýmis og samnings við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis

Lagt er til að velferðarráð samþykki annars vegar samkomulag um framlengingu samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á rekstri neyslurýmis vegna skaðaminnkandi þjónustu og hins vegar samning á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis.

Sjúkratryggingar Íslands munu fjármagna rekstur neyslurýmis í eitt ár til 30. apríl 2026 með 57,2 m.kr. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samnings við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis, þar sem Sjúkratryggingar Íslands leggja fé til rekstrarins.

Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur gert samninga við Sjúkratryggingar Íslands, um fjármögnun á rekstri neyslurýmis vegna skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda. Samningarnir eru gerðir á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými. Samningar um rekstur neyslurýmis taka til þjónustu á vettvangi sem byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar og skal vera sérstaklega sniðin að þörfum jaðarsettra einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð.

Samhliða samningum við Sjúkratryggingar Íslands hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar gert samninga um rekstur neyslurýmis við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu, á grundvelli laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og í samræmi við 4. gr. reglugerðar um neyslurými nr. 170/2021, þar sem kveðið er á um heimild sveitarfélags til að gera samning við félagasamtök eða heilbrigðisstofnanir um rekstur neyslurýmis.

Í samningum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins kemur m.a. fram að Rauði krossinn taki við öllum skyldum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar varðandi rekstur neyslurýmis.

Markmið með rekstri neyslurýmis er að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll og auka lífsgæði þeirra sem nota vímuefni í æð. Hér er um að ræða mannréttindamiðaða nálgun sem byggir á að draga úr skaða og aðstoða einstaklinga á þeirra eigin forsendum. Um



Reykjavík



leið og dregið er úr skaðlegum afleiðingum sem fylgja neyslu ávana- og fíkniefna er ekki aðeins verið að hjálpa einstaklingunum sjálfum heldur einnig aðstandendum og nærsamfélaginu. Í þeim löndum þar sem neyslurými eru til staðar hefur dauðsföllum sem rekja má til notkunar vímuefna í æð fækkað.

Árin 2021-2022

Á 415. fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2021 var samþykkt tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að samþykkja samning við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun neyslurýmis að fjárhæð 50 m.kr. sem gerður var í kjölfar setningar reglugerðar nr. 170/2021 um neyslurými. Í framhaldinu gerði velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekstrarsamning við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis í bifreið frú Ragnheiðar. Úrræðið gekk undir heitinu "Ylja".

Á 424. fundi velferðarráðs þann 9. mars 2022 var samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Rauða krossinn samþykktur. Borgarráð samþykkti í framhaldinu tillögurnar. Gildistími samninganna var til eins árs til og með 31. desember 2022.

Árin 2023-2024

Í mars 2023 lét Rauði krossinn af rekstri neyslurýmisins í bifreið frú Ragnheiðar, enda taldi félagið aðstöðuna hvorki forsvaranlega fyrir notendur né starfsfólk. Leit hófst að heppilegu húsnæði fyrir neyslurými.

Árin 2024-2025

Á 480. fundi velferðarráðs þann 15. maí 2024 var samþykkt tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að samþykkja samninga við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun neyslurýmis að fjárhæð 55,1 m.kr. og Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis fyrir sömu fjárhæð vegna skaðaminnkandi þjónustu að Borgartúni 5 í Reykjavík. Húsnæðið er í eigu Ríkissjóðs. Samningarnir gilda til og með 30. apríl 2025. Borgarráð samþykkti í framhaldinu tillögurnar.

Árin 2025-2026

Gerð er tillaga um að velferðarráð samþykki samkomulag um framlengingu samnings Sjúkratrygginga Íslands við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Sjúkratryggingar Íslands munu fjármagna rekstur neyslurýmis í eitt ár til 30. apríl 2026 með 57,2 m.kr.

Gerð er tillaga um að velferðarráð samþykki einnig samning velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um sömu fjárhæð vegna áframhaldandi reksturs neyslurýmis að Borgartúni 5 í Reykjavík.

Báðir samningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um samþykki velferðarráðs og borgarráðs, sem og staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Fylgiskjöl:

Samkomulag um framlengingu samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda, apríl 2025.

Samningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis, apríl 2025.



Reykjavík